

Sp.

115. Fyrirspurnir.

[76. mál]

I. Til fjármálaráðherra um greiðslu til raforkusjóðs.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Hvenær hyggst ríkisstjórnin greiða raforkusjóði kr. 1500000.00, sem er skuld við sjóðinn samkv. l. nr. 12 2. apríl 1946?

II. Til ríkisstjórnarinnar varðandi olíu- og benzinverð.

Frá Sigurði Ágústssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið athuga verðlagningu á olíu- og benzini, sbr. þingsályktun, er samþykkt var á Alþingi 28. febr. s. l.?
2. Hvað liður framkvæmdum til að koma á jöfnunarverði á þessum vörutegundum, eins og sama þingsályktun kvað á um?
3. Má vænta þess, að ríkisstjórnin leiði þetta mál til lykta fyrir næstkomandi áramót, með þeim árangri, að olíur og benzin verði seld á sama verði á öllum stöðum á landinu, þar sem olíuflutningaskip hafa aðstöðu til að geta losað á birgðageyma olíufélaga eða olíusamlaga?

III. Til heilbrigðis- og félagsmálaráðherra um drykkjumannahæli.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hvað margir drykkjusjúklingar hafa dvalizt á Úlfarsá á þessu ári, hve löng hefur dvöl hvers sjúklings verið, og hver er árangurinn?
2. Er fyrirhugað að auka starfrækslu hælísins, og ef svo er, þá á hvern hátt?
3. Hver er orðinn stofnkostnaður hælísins frá upphafi, og af hvaða fé er hann greiddur?
4. Hver er rekstrarkostnaður hælísins orðinn til 1. okt. þ. á.?
5. Hvaða ráðstafanir hugsar ríkisstjórnin sér að gera til bjargar þeim ofdrykkjumönnum, sem enn ráfa hér um og dveljast um nætur í kjallara lögreglunnar eða undir berum himni, hvernig sem viðrar?